

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 6. júlí 2020
UST202002-150/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 27.5.2020, hjá Samherja fiskeldi ehf. Stað

Þann 27.5.2020 fór fram eftirlit í Samherja fiskeldi ehf. Stað, Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi. Rekstraraðila var heimilt að framleiða 1600 tonn árlega skv. ákvæðum eldra starfsleyfis. Nýtt 3000 tonna starfsleyfi tók ekki gildi fyrr en við afhendingu þess í desember 2019. Árið 2018 framleiddi rekstraraðili rúm 1900 tonn af bleikju og því var framleiðslumagn 2018 ekki í samræmi við þágildandi starfsleyfi. **Umfang 2019 var innan marka núgildandi starfsleyfis og frávakinu er því lokað.**

Virðingarfyllst


Hulda Soffia Jónasdóttir
sérfræðingur


Asta Maack
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Samherji fiskeldi ehf	Dags. eftirlits: 27.5.20	Staðsetning stöðvar: Stað, Grindavík	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 3
Kennitala rekstraraðila: 610406-1060	Gildistími starfsleyfis: 24.8.34	Kvittun afhent: Nei	Gerð stöðvar: Landeldi, 3000 tonn af laxi eða bleikju.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Framleidd voru 1923 tonn af bleikju 2018 og 2243 tonn af bleikju 2019. Nýtt 3000 tonna starfsleyfi tók gildi við afhendingu þess í desember 2019, fram að því var gildandi leyfi með umfang að 1600 tonnum. Því var framleiðslumagn 2018 ekki í samræmi við þágildandi starfsleyfi.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		Nýtt starfsleyfi tók gildi 2019. Skipt hefur verið um forrit til að halda utan um vöxt og fóðurnotkun. Áætlað er að bora nýjar holur að Stað til athugunar á frekari ferskvatnstöku. Verið er að vinna í að setja upp fleiri fóðursíló.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi).		X		Í lagi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Skilað 26.4.19 v. 2018 og 30.4.20 v. 2019. Fyrir 2018 er um að ræða framleiðsluskyrslur úr FarmControl auk græns bókhalds. 2019: ársyfirlit að mestu að finna í grænu bókhaldi ásamt útreikningum á losun köfnunarefnis og fosfórs frá fóðri og fóðurnýtingu sem var skilað í sér skjali. Niðurstöður mælinga 2019 bárust 28. maí sl ásamt uppfærðu grænu bókhaldi og leiðréttum útreikningum á losun næringarefna. Myndir af útrás fylgdu ekki með ársyfirliti. Taka skal myndir af útrás frárennslislagna á tveggja mánaða

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

				fresti skv. gr. 3.5 í nýju starfsleyfi og óskar eftirlitsaðili eftir því að þær fylgi ársyfirliti framvegis.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X	X		Skilað 26.4.19 v. 2018 og 30.4.20 v. 2019. Uppfærðum og leiðréttum gögnum var svo skilað 28.5.20. Magn og gerð úrgangs, annars en dauðfisks, vantaði.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Uppfærðar áætlanir eru aðgenginlegar starfsmönnum á starfstöð. Rekstraraðili sendi nýjasta áhættumat og viðbragðsáætlun á eftirlitsaðila fyrir vettvangsferðina.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi. Er í gildi fyrir allar stöðvar Samherja.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Uppfærðar áætlanir eru aðgengilegar starfsmönnum á starfsstöð. Í gæðahandbók er áætlun um áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar sem gildir fyrir allar stöðvar Samherja fiskeldis.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið eru til staðar í gæðahandbók sem gilda fyrir allar stöðvar Samherja fiskeldis. Stofnunin bendir á kosti þess að setja sér mælanleg markmið. Starfsemin er með Wholefoods vottun og er í ferli að fá ASC vottun.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirk fóðrun. Verið að aðlaga vaxtarkúrfur bleikju að Fishtalk sem er sett upp fyrir lax.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

			<p>Eitt af umhverfismarkmiðum Samherja fiskeldis er að halda fóðurstuðli undir 1,3. Skv. ársyfirliti var stuðull 2019 FCR = 1,33 sem má líklega rekja til aðlögunar að FishTalk.</p> <p>Verið er að setja upp myndavélakerfi í frárennslið frá kerjum til á fylgjast með fóðurleyfum.</p>	
<p>Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vrit?</p> <p>Mælingar eða útreikningar?</p> <p>Síðustu mælingar?</p>	X		<p>Niðurstöður mælinga 2017: fosför 0,2 mg P/L, uppreiknaði í 6,7 kg/tonn og 1,1 mg N/L.</p> <p>Mælingar 2019: mars 0,2 mg P/L og 2,6 mg N/L; nóvember 0,3 mg P/L og <0,5 mg N/L; desember 0,2 mg P/L og <0,5 mg N/L.</p> <p>Útreikningar frá fóðurnotkun 2019: 8,4 kg P/ tonn fiskjar og 50 kg N/ tonn fiskjar.</p> <p>Mælt hefur verið mánaðalega 2020 vegna undirbúnings fyrir ASC úttekt.</p>	
<p>Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?</p>	X		<p>Ekki sást neitt óeðlilegt í útrás frárennslis, dauður fiskur né aðskotahlutir. Engin óeðlileg lykt né hitauppgufun.</p> <p>Stofnunin minnir á að taka skal myndir af útrás og umhverfi hennar skv. gr. 3.5 á tveggja mánaða fresti. Eftirlitsaðili óskar eftir því að þær fylgi ársyfirliti framvegis. Einnig minnir eftirlitsaðili að þessi krafa starfsleyfis á við bæði útrás frá flekum sem og frá seiðahúsi/millistöðvarhúss.</p>	
<p>Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh.</p> <p>Leið frárennslis frá keri að viðtaka.</p>	X		<p>Engin hreinsun er á frárennsli nema dauðfiskagildrur.</p> <p>Frárennsli frá flekum 1 og 2 þar sem matfiskurinn er alinn rennur sameiginlega um tæplega 400 m leið út í sjó. Frárennsli frá seiðahúsi og millistöðvarhúss sameinast og rennur rúmlega 100 m leið þaðan út í sjó.</p>	

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjór.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Á ekki við.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			<p>Samningur er við Skinnfisk v. óvæntra affalla/massadauða.</p> <p>Skinnfiskur tekur öll afföll sem eru sótt 3x í viku.</p> <p>Uppsöfnun er á trébrettum sem bíða eftir því að komast í endurvinnslu/endurnýtingarferli.</p> <p>Annar úrgangur: Gámar tæmdir eftir ósk rekstraraðila.</p> <p>Athuga þarf að bæta skráningu á öðrum úrgangi í grænt bókhald og ársyfirlit.</p>
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Uppfærð vöktunaráætlun barst eftir vettvangsheimsóknina, sem hefur verið samþykkt af stofnuninni.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			<p>Svifagnir (TSS) og COD mælt febrúar 2017, 12 mg/L og 83 mg/L</p> <p>Svifagnir eru mældar mánaðalega. Á árinu 2017 var meðaltal yfir árið 11,5 mg/L með gildi stakra mælinna á bilinu 5-18 mg/L.</p> <p>Á árinu 2019 var meðaltal svifagna yfir allt árið 20,5 mg/L með gildi stakra mælinga á bilinu 10-40 mg/L.</p> <p>Rekstraraðila er bent á að skoða hversvegna magn svifagna hefur aukist hlutfallslega talsvert meira en framleiðsla.</p> <p>Auk mánaðarlegrar svifagna-mælingar voru gerðar mælingar á COD, heildarfosför og heildarköfnunarefni í mars 2019. COD 125 mg/L.</p> <p>Frá nóvember 2019 hefur mánaðarlegum mælingum á BOD_5, P og N verið bætt við vegna ASC vottunarferlis. BOD_5 mældist 5 mg/L í nóv og <1 mg/L í des.</p> <p>Niðurstöðum mælinga 2019 var ekki skilað með ársyfirliti en var skilað</p>

Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

				með uppfærðu ársyfirliti 28. maí sl. Þó einungis sé gerð krafa um mælingar á þriggja ára fresti í starfsleyfi óskar eftirlitsaðili eftir því að niðurstöður mælinga séu sendar með ársyfirliti framvegis ef þær eru framkvæmdar á annað borð.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.		X		Engar frekari mælingar en þær sem hafa verið nefndar hér að ofan.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Vegna ASC vottunarferils er nú mælt mánaðalega og næst verður mælt í júní 2020. Þetta er umfram kröfу í starfsleyfi. Rekstraraðili tekur sýni sem eru mæld hjá Sýni hf.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

2018: Tvö frávik komum fram í eftirliti er vörðuðu geymslu á olíu og frárennsli frá eldi.

Samantekt:	3000 tonna starfsleyfi sem tók gildi í nóvember 2019. Eitt frávik kom fram við eftirlitið og þrjár ábendingar eru gerðar. Frávik er skráð vegna umfangs árið 2018. Skipt hefur verið um annan olíugeymi stöðvarinnar síðan seinasta eftirlit fór fram og hinn geymirinn málaður. Mælingar á frárennsli frá matfiski fara fram mánaðalega. Bæta skal við mælingum á frárennsli frá seiða- og millistöðvahúsi á að lágmarki þriggja ára fresti sbr. ákvæði starfsleyfis.
Annað:	Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækunar eða lækkunar tíðni eftirlits. Farið var yfir skráningu olíugeyma skv. reglugerð 884/2017. Leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa voru kynntar. Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum. Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur í tölvupósti eftir að eftirlitið fór fram. Viðstödd eftirlitið voru Hjalti Bogason og Heiðdís Smáradóttir fyrir hönd Samherja fiskeldis ehf. og Ásta Maack frá Umhverfisstofnun

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Stað, Grindavík



Dags eftirlits	27.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffia Jónasdóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Stað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	326207,593 372914,582

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frávik kom fram við eftirlitið er varðar umfang eldis árið 2018 en fjórar ábendingar eru gerðar er snúa að ársyfirliti, mælingum, svifögnum, sem og skráningu og meðferð úrgangs.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Farið var í vettvangsheimsók að Stað um morguninn með stöðvarstjóra og aðstæður skoðaðar þar og fundur svo tekinn með fjarfundarbúnaði eftir á þar sem farið var yfir gögn og skráningar. Heiðdís Smáradóttir var einnig viðstödd fjarfundinn.

Visað er í meðfylgjandi gátlista.

Gengið var að sameiginlegri útrás fleka 1 og fleka 2 þar sem sláturfiskur er alinn. Frárennslíð rennur um 400 m leið frá flekum að útrás. Ekkert óeðilegt sást í frárennslinu, hvorki olía né froða. Enginn fiskur sást í frárennslí við útrás enda eru dauðfiskagildrur við kerin sem fjarlægja þá úr frárennslinu. Engin önnur hreinsun er á frárennslí.

Unnið er að uppsetningu myndavélakerfis við dauðfiskagildru til að fylgjast með fóðurleifum í frárennslí.

Ekki var gengið að útrás frárennslis frá seiðahúsi og millistöðvahúsi, en hún skoðuð úr fjarlægð. Mjög lítið var um fugl á svæðinu við útrásirnar sem bendir til þess að ekki sé um mikil af fóðurleifum sem berst út með frárennslinu.

Einn olíugeymir er í skýli og er búið að bregðast við fráviki seinasta eftirlits og mála hann. Óðrum olíugeymi var skipt út eftir seinasta eftirlit og er kominn nýr tvöfaldur geymir sem stendur í gamalli þró sem virkar sem árekstrarvörn.

Verið var að vinna í að setja upp fleiri fóðursíló.

Mikil er af trébrettum á svæðinu sem koma þarf í endurvinnslu/endurnýtingu.

Farið var yfir eftirfarandi atriði á fundinum.

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslu frá 2018, frávik og úrbætur
- Umfang
- Skráningar sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi
- Áætlanir, tilkynningar og markmið - Neyðar- og viðbragðsáætlanir v. rekstrarstöðvunar, áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, trygging v. bráðamengunar, umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi, tilkynningar um mengunaróhöpp
- Gagna- og skýrsluskil
- Frárennslí og vöktun/mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf - Meðhöndlun og skráningar
- Mengandi efni
- Dauðfiskur
- Annar úrgangur
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Rekstraraðili sendi 28.5.20 uppfærð og leiðrétt gögn, grænt bókhald, útstreymisbókhald, útreikninga á losun sem og niðurstöður mælinga 2019.

Frávik frá

gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðila var heimilt að framleiða 1600 tonn árlega skv. ákvæðum eldra starfsleyfis. Nýtt 3000 tonna starfsleyfi tók ekki gildi fyrr en við afhendingu þess í desember 2019. Árið 2018 framleiddi rekstraraðili rúm 1900 tonn af bleikju og því var framleiðslumagn 2018 ekki í samræmi við þágildandi starfsleyfi. Umfang 2019 var innan marka núgildandi starfsleyfis og frávíkinu er því lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að þó einungis sé gerð krafa um mælingar á þriggja ára fresti í starfsleyfi óskar eftirlitsaðili eftir því að niðurstöður mælinga séu sendar með ársyfirliti framvegis ef þær eru framkvæmdar oftar en starfsleyfið kveður á um. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að myndir af útrás frárennslislagna fylgi ársyfirliti framvegis.

Mælingar á frárennsli frá seiða- og millistöðvahúsi skulu fara fram á að lágmarkið þriggja ára fresti sbr. gr. 4.5 í starfsleyfi.

Eftirlitsaðili bendir einnig á að skoða þurfi hlutfallslega mikla aukningu svifagna í frárennsli miðað við aukningu framleiðslu milli 2017 og 2019.

Einnig er bent á að huga þarf betur að því að koma trébrettum í endurvinnslu- /endurnýtingarferli, sem og umgengni við söfnunarstað úrgangs. Einnig skal athuga að skráningar á magni og gerð úrgangs í ársyfirliti og grænu bókhaldi skulu einnig taka til annars úrgangs en dauðfisks/affalla.

ANNAÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkanar eða lækkunar tíðni eftirlits.


Farið var yfir skráningu olíugeyma skv. reglugerð 884/2017.

Leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa voru kynntar.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur í tölvupósti eftir að eftirlitið fór fram.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og árskýrslum.

Reykjavík, 06.07.2020


Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

bls. 4

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuvermdir, umhverfisvermdir og öryggis en sem ekki geta talist frávik.